



Fræðsluefni haustið 2009

fræðslan er á **miðvikudögum kl. 13:30**

- | | |
|--------------|--|
| 23.sept.2009 | Guðbjört Guðjónsdóttir, mannfræðingur
Að starfa í alþjóðasamfélagi |
| 30.sept.2009 | Sr.Irma Sjöfn Óskarsdóttir, prestur
Fjölbreytileiki, menning, trú |
| 07.okt.2009 | Pórey Dögg Jónsdóttir, djáknanemi
Framandi umhverfi |
| 14.okt.2009 | Ingibjörg Steinunn Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur
Starfsánægja |
| 21.okt.2009 | Guðný Jónsdóttir, næringarrekstrarfræðingur
Matarmenning |
| 28.okt.2009 | NN hjúkrunarfræðingur 2.hæð
Punglyndi og útivera |
| 04.nóv.2009 | Soffía Sigurjónsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Fjölskylduhjúkrun |
| 11.nóv.2009 | Puríður Björnsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Umgengni við súrefni |
| 18.nóv.2009 | Ólafur Samúelsson, læknir
Aldraðir og lyfjanotkun |
| 25.nóv.2009 | Anný Lára Emilsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Þvagleki |

FRÉTTIR ÚR SÓLTÚNI

03.09.2009

SÝKINGAVARNIR Í SÓLTÚNI

Sýkingavarnir í Sóltúni

Nú þegar influensufaraldur vofir yfir hér á landi, hefur Sóltún aukið viðbúnað og hvers kyns sýkingavarnir. Í andyri Sóltúns eru upplýsingar um forvarnir vegna influensu og handspritt fyrir heimsóknagesti. Sýkingar geta komið upp með jöfnu millibili á hjúkrunarheimilum og öðrum heilbrigðisstofnunum. Afleiðingar sýkinga fyrir aldraða sjúklinga eru oft verri en fyrir þá sem yngri eru og heilsuhraustir og því mikilvægt að vinna gegn smiti. Fjöldi mismunandi smitefna geta valdið sýkingum og smitleiðirnar eru margar. Algengustu smitleiðirnar eru hendur en aðrar smitleiðir eru vel þekktar m.a. loftborið smit, úðasmit og örveru menguð matvæli. Hornsteinn í forvörnum gegn sýkingum er góður handþvottur og almennt hreinlæti. Mjög mikilvægt er að spritta helstu snertifleti reglulega. Sýkingavarnarnefnd hefur ákveðið að efna til sýkingavarnarviku til að skerpa á þekkingu og umgengisreglum.

Sýkingavarnarvika er 7. – 11.sept og verða fyrirlestrar alla virka daga kl.13.30 í samkomusal og eru allir velkomnir. Fyrirlestrararnir verða um þvagfærasýkingar, hreinlæti á skolherbergjum, í eldhúsinu, á baðherbergjum og hreinlæti í almennri umgengni. Endilega kynnið ykkur nánari dagskrá á heimasíðunni www.soltun.is

SÝKINGA-VARNIR

FJÖLMEN-NINGARVIKA

PANKAREGN

FRÆDSLUDAGSKÁ

VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU Á:

- Umhyggja
- Sjálfræði einstaklingsins
- Virðingu fyrir einkalífi
- Athafnaþrá sé mætt
- Öryggi og vellíðan
- Starfsemin í stöðugri endurskoðun
- Virkt gæðaeftirlit með þjónustu



Fjölmeningarvika í Sóltúni 2009

Hvaðan ertu? Er spurning sem leiðir oftast en ekki til fróðlegrar og skemmtilegrar umræðu og uppgötvunar á því hve heimurinn er lítill. Oftast en ekki er „heimurinn“ landið okkar.

Þegar ferðast er erlendis og eða samskipti eru höfð við einstaklinga frá öðrum löndum þá verður spurningin „hvaðan ertu?“ enn forvitnilegri. Hún gefur tækifæri til fróðleiks, skemmtunar, og dýrmætrar reynslu og víðsýni.

Við hér í Sóltúni eigum því láni að fagna að hafa fjölbreytta flóru starfsmanna. Bæði hvað varðar menntun, reynslu og bakgrunn. Starfsfólkið okkar kemur ekki bara víðsvegar af landinu heldur líka frá öðrum löndum, nær og fjær. Það er enginn „bara starfsmaður.“ Hver og einn hefur mikið að gefa og ekki síður mikið að þiggja. Hvaðan ertu? Það er spurning sem gefur tækifæri til aukinnar þekkingar, reynslu og víðsýni ef talað er saman og menn gefa sér tíma til að hlusta.

Starfsmenn innlendir sem erlendir eru undirstaða starfseminar hér í Sóltúni. Við erum því öll á sama báti. Með fræðslu, góðum samskiptum og opnum huga höldum við betur utan um hópinn okkar. Allir starfsmenn hafa ríka þörf fyrir að vera samþykktir á sínum forsendum, án fordóma. Góð líðan starfsmanna gefur af sér betri framkomu og betri samskipti við íbúa aðstandendur og starfsfólk. Þess vegna ýtir fræðslunefnd Sóltúns fjölmeningarviku úr vör, til að fræðast um og skilja betur bakgrunn starfsfólks.

Vikan hefst með fyrirlestri Guðbjartar Guðjónsdóttur meistaranema í mannfræði, þann 23. september, kl. 13:30. Fyrirlesturinn nefnist: „Að starfa í alþjóðasamfélagi“. Alla vikuna verður svo eitthvað um að vera í tengslum við vikuna. Hátíðardagskrá verður svo haldin þann 30. september 2009 og hefst hún með fyrirlestri sr. Irmu Sjafnar Óskarsdóttur sem nefnist: „Fjölbreytileiki, menning, trú,“ Dagskráin hefst kl 13:30 í samkomusal Sóltúns.

Verið hjartanlega velkomin.

Jón Jóhannsson djákni

PANKAREGN

Góðan daginn, taktu eftir að þetta eru aðeins tvö orð úr heilli setningu, það þarf ekki að segja meira, þessi tvö orð duga og við skiljum kveðjuna til fulls. Þó að það vanti sex orð.

Hvernig stendur á því? Í fyrsta lagi er hér um styttri útgáfa af hinni fallegu kveðju “Guð gefi þér - góðan dag”. En hver eru þá hin þrjú orðin, sem uppá vantar?

Þú tjáir þessi orð með nærveru þinni, augum og brosi. Ég býð þér - góðan dag, þú ert ekki bara að biðja þess að ég eigi góðan dag, heldur ertu í raun að segja að þú viljir leggja þitt af mörgum til þess að hann megji vera mér góður. “Ég býð þér - góðan dag”.

Þetta er heillandi kveðja sem hefur hljómað hér í Sóltúni frá fyrsta degi, en er samt alltaf jafn uppörvandi, hvetjandi, styrkjandi og gleðjandi.

Nú í Fjölmeningarviku ætlum við að læra þessa fallegu kveðju á mörgum mismunandi tungumálum.

Ísland	Góðan dag
Noregur	God dag
Guinea- Ecuatorial	Buenos dias
Rússland	Dobrii den
Namibia	Goeie môre
Pólland	Dzien dobry
Filippseyjar	Magandang araw
Litháen	Laba diena
Svíþjóð	God dag

